

9. gr.

209

22. nóv.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Hið fyrsta reikningsár sjóðsins telst frá stofnun hans til ársloka 1944. Sjóðstjórn ber að færa bók um eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld.

Stjórn sjóðsins semur við lok hvers reikningsárs reikning fyrir sjóðinn og skal hann síðan staðfestur af löggiltum endurskoðanda. Reikningurinn skal innfærður í efnahagsbók sjóðsins og auglýstur í Lögbirtingablaðinu í síðasta lagi fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

10. gr.

Leita skal samþykkis Verzlunarráðs Íslands á skipulagsskrá þessari og að því fengnu skal leita staðfestingar ríkisstjóra. Skipulagsskrá þessari má ekki breyta, nema allir stjórnarmenn sjóðsins samþykki, svo og stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Verzlunarráð Íslands. Þó má aldrei breyta fyrir mælum um tilgang sjóðsins né reglum 4. gr. um skipan sjóðstjórnar.

Reykjavík, 31. okt. 1943

Í stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur:

Hjörtur Hansson, St. G. Björnsson. Adolf Björnsson. B. E. Þorvaldsson.
form

Konráð Gíslason. Egill Guttormsson. Lárus Bl. Guðmundsson. Sveinn Helgason.

Verzlunarráð Íslands er samþykkt ofanritaðri skipulagsskrá.

Reykjavík, 31. okt. 1943.

F. h. Verzlunarráðs Íslands,
H. Benediktsson.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Aðalsteins Sigmundssonar kennara“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. nóv. 1943. 210 23. nóv.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Aðalsteins Sigmundssonar kennara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Aðalsteins Sigmundssonar kennara.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Ungmennafélagi Íslands, með framlagi frá því, svo og héraðssamböndum, einstökum félögum og vinum Aðalsteins. Alls að upphæð 10000 — tíu þúsund — krónur.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að styrkja til náms efnilega, en fátæka unglinga, er sýnt hafa þroska og hæfni til félagslegra starfa innan U. M. F. Í.

210

23. nóv.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Gjafir til sjóðsins skulu ávallt lagðir við höfuðstólinn og vextir allir, þar til sjóðurinn er orðinn 20000 — tuttugu þúsund — krónur, þá skal heimilt að úthluta samkvæmt 3. gr. $\frac{3}{5}$ hlutum vaxtanna, en $\frac{2}{5}$ skulu leggjast við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn 50000 — fimmtíu þúsund — krónur. Eftir þann tíma leggist $\frac{1}{5}$ vaxtanna við höfuðstólinn unz hann er orðinn 100000 — eitt hundrað þúsund — krónur, en að þeim tíma liðnum má verja öllum vöxtum sjóðsins samkvæmt 3. gr. Fé það, sem ekki úthlutast samkvæmt framan-sögðu, leggst við höfuðstólinn.

5. gr.

Styrkveitingar úr sjóðnum skulu auglýstar í Skinfaxa. Umsóknir um styrk skulu sendar sjóðstjórninni fyrir 1. maí ár hvert og fylgi þeim meðmæli frá viðkomandi héraðssambandsstjórn. Styrkurinn veitist á afmælisdegi Aðalsteins Sigmundssonar, 10. júlí.

6. gr.

Sjóðurinn er eign U.M.F.Í. Stjórn hans skipa 3 menn: Fræðslumálastjóri og tveir menn, er stjórn U.M.F.Í. kýs til þriggja ára í senn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulags-skrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber enn fremur að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur og gjöld hans, og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

8. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í tryggum lánsstofnunum, í bankavaxtabréfum eða á annan öruggan hátt. Reikning sjóðsins skal birta í Lögbirtingablaðinu, endurskoðaðan af endurskoðendum U.M.F.Í. Hann skal og lagður fram á sambandsþingi með öðrum reikningum sambandsins. Reikningsár sjóðsins sé almanaksárið.

9. gr.

Heimilt er að endurskoða skipulagsskrá þessa á 15 ára fresti, ef knýjandi ástæður verða fyrir hendi, að dómi sambandsstjórnarinnar, svo sem breytt fyrirkomulag U.M.F.Í. eða annað.

10. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild stjórnartíðindanna.

211

20. nóv.

AUGLÝSING

um breyting á bráðabirgðareglugerð um notkun bryggju í Flatey á Breiðafirði, nr. 76 12. júní 1935.

Öll bryggjugjöld samkvæmt bráðabirgðareglugerðinni skulu frá í dag hækka um 150% þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið.

Ákvæði þessi staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, og birtast til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. nóvember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.